

FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2022

VERTIGO, 19. SEPTEMBER KL. 14:15

EPLI ADAMS, 26. SEPTEMBER KL. 14:15

HEAVENLY CREATURES, 3. OKTÓBER KL. 14:15

CITIZEN KANE, 10. OKTÓBER, KL. 14:15

THE WIZARD OF OZ, 17. OKTÓBER KL. 14:15

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS


PARASITE, 7. NÓVEMBER KL. 14:15

SUNSET BOULEVARD, 14. NÓVEMBER KL. 14:15

ONE FLEW OVER THE CUCKOO'S NEST, 21. NÓVEMBER KL. 14:15

PORTRAIT OF THE LADY ON FIRE, 28. NÓVEMBER, KL. 14:15

PAN'S LABYRINTH, 5. DESEMBER KL. 14:15



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís

<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>



VERTIGO, 19. SEPTEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 1958*

LENGD: 128 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Alfred Hitchcock*

AÐALHLUTVERK: *Kim Novak, James Stewart, Barbara Bel Geddes*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Vertigo er ein af frægustu myndum Hitchcock. Hún er byggð á skáldsögunni *D'entre les morts* eftir Boileau-Narcejac og segir frá leynilögreglumanninum John Ferguson sem kemst að því aðhann er haldinn lofthræðslu og svima þegar hann er við skyldustörf. Hann sest í helgan stein en tekur að sér að fylgjast með eiginkonu skólabróður hans, en eiginkonan hagar sér einkennilega og virðist haldin þráhyggju gagnvart ættmóður sinni sem bjó eitt sinn í San Fransisco.

Vertigo er með rómantískustu og leyndardómsfyllstu myndum sem Hitchcock gerði og spennan skilar sér vel með dulúðugri tónlist Bernards Herrmann, en hann gerði jafnframt tónlistina í *Psycho*. Í myndinni koma fram nýstárlegar aðferðir við að sýna svima og lofthræðsluog eru kölluð „Vertigo-áhrifin“. Frásagnaraðferðin og kvikmyndatakan hafa haft mikil áhrif á kvikmyndagerð samtímans.

EPLI ADAMS, 26. SEPTEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Gamanmynd, drama, 2005

LENGD: 94 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Danmörk

LEIKSTJÓRI: Anders Thomas Jensen

AÐALHLUTVERK: Mads Mikkelsen, Ulrick Thomsen, Paprika Steen

TUNGUMÁL: Danska með enskum texta.

Í Eplum Adams segir frá dönskum sveitapresti sem tekur á móti föngum til að hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu. Þegar nýnasisti er sendur til hans, fær presturinn hann til að sjá um eplatréð við kirkjuna sem er stolt staðarins og baka köku úr eplunum. En hlutirnir fara bráttúr böndunum því ekkert er sem sýnist á þessu einkennilega prestssetri.

Myndin sækir í Jobsbók úr Biblíunni sem fléttast við ýmis samfélags- og tilvistarstef, en húnhefur hlotið fjölda viðurkenninga, þar á meðal Bodilverðlaunin sem besta danska myndin árið 2006.

HEAVENLY CREATURES, 3. OKTÓBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 1994*

LENGD: 99 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Nýja-Sjáland*

LEIKSTJÓRI: *Peter Jackson*

AÐALHLUTVERK: *Melanie Lynskey, Kate Winslet, Sarah Peirse*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Heavenly Creatures er byggð á sönnu sakamáli sem gerðist í Christchurch á Nýja-Sjálandi. Unglingsstúlkurnar Juliet Hulme og Pauline Parker eru nánar vinkonur sem elska bókmenntir og fantasíur en þegar móðir Pauline reynir að koma í veg fyrir þráhyggjukennt samband þeirra, leggja þær á ráðin um að myrða hana. Myndin gerist á árunum 1952 til 1954.

Myndin var opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum og hlaut Gullljónið 1994. Hún vaktimikla athygli, sér í lagi fyrir afbragðs kvikmyndatöku og góðan leik, en myndin kom Kate Winslet á kortið og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta handritið.

CITIZEN KANE, 10. OKTÓBER, KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1941

LENGD: 119 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Orson Welles

ÁDALHLUTVERK: Orson Welles, Joseph Cotten, Everett Sloane

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Charles Foster Kane, einn af valdamestu mönnum Bandaríkjanna, deyr á ríkmannlegu setrisínu. Síðasta orð hans er „Rosebud“. Blaðamaður er sendur út af örkinni til að komast að því hvað orðið merkir. Hann kemst að ýmsu um Kane og hvernig hann byggði upp fjölmiðlaveldisitt, hvernig hann sölsaði undir sig auð og völd, en glataði stöðugt meira af sálu sinni.

Talið erað fyrirmynd Kane hafi verið meðal annars William Randolph Hearst sem bannaði auglýsingar myndarinnar í öllum sínum blöðum og reyndi að kaupa myndina til að eyðileggja hana.

Citizen Kane er álitin ein af merkustu kvikmyndum sögunnar þar sem Orson Welles hafði nær fullkomið frelsi til að þróa myndmál og frásagnaraðferð með byltingarkenndum aðferðum. Þetta var fyrsta mynd Orson Welles, en hann var kornungur þegar hann gerði hana. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta frumsamda handritið og er talin með bestukvikmyndum sem gerðar hafa verið.

THE WIZARD OF OZ, 17. OKTÓBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, söngleikur, 1939

LENGD: 101 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Victor Fleming

AÐALHLUTVERK: Judy Garland, Ray Bolger, Margaret Hamilton

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Galdrakarlinn í Oz er söngleikur sem er fyrir löngu orðinn klassískur og segir frá Dóróteu, stelpu í Kansas þar sem lífið er tilbreytingalaust og leiðinlegt og hana dreymir um landið handan regnbogans, svo hún fer í ævintýraferð til töfralandsins Oz.

Myndin var gerð árið 1939 og er ein af fyrstu kvikmyndum sögunnar sem var gerð í lit. Þeir hlutar sem eiga að gerast í Oz voru teknir í Technicolor og aðrir í svarthvítu og sepjulistum. Hún hefur haft gríðarleg áhrif á kvikmyndagerð.

Myndin var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna, tæpaði fyrir *Gone with the Wind*, en hlautverðlaun fyrir Bestu frumsömdu tónlistina, *Over The Rainbow*.

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS

PARASITE, 7. NÓVEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: *Drama, 2018*

FRAMLEIÐSLULAND: *Suður-Kórea*

LENGD: *132 mínútur*

LEIKSTJÓRI: *Bong Joon Ho*

LEIKARAR: *Song Kang-ho, Sun-Kyun, Cho Yeo-jeong*

TUNGUMÁL: *Kóreska með íslenskum texta*

Sótsvört gamanmynd, þriller og vinningshafi Gullpálmans á Cannes 2019!

Sníkjudýrin(Parasite) fjallar um bláfátæka fjölskyldu í kóreskri borg en einn daginn breytist allt þegar sonurinn fær vinnu við það að kenna unglingsstúlku ríkra hjóna.

Frá hinum margrómaða leikstjóra Bong Joon Ho (Okja, Snowpiercer) sem fjallar hér á listilegan hátt um stéttskiptingu í þessari stórkostlegu verðlaunamynd.

SUNSET BOULEVARD, 14. NÓVEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, 1950*

LENGD: *110 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Billy Wilder*

AÐALHLUTVERK: *Gloria Swanson, William Holden, Erich von Stroheim*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Sunset Boulevard er með frægustu rökkurmyndum sem hafa verið gerðar en er jafnframt ádeilaá Hollywood, æskudýrkun og afdrif leikara þögla tímabilsins.

Myndin segir frá ungum handritshöfundi, Joe, sem er staðráðinn í að öðlast frægð í Hollywood, en gengur illa. Hann neyðist til að leggja á flótta frá skuldunautum og uppgötvar af tilviljun heimili frægrar kvikmyndastjörnu frá tímabili þöglu myndanna, Normu Desmond. Norma ræður Joe til að hjálpa henni við að skrifa handrit þar sem hún íhugar endurkomu. Margtsérkennilegt kemur í ljós eftir því sem Joe dvelur lengur á setri Normu en hann kynnist líka ungri konu sem hefur áhuga á að skrifa handrit.

ONE FLEW OVER THE CUCKOO'S NEST, 21. NÓVEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: Drama, 1975

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 133 mínútur

LEIKSTJÓRI: Milos Forman

LEIKARAR: Jack Nicholson, Danny DeVito, Louise Fletcher

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Milos Forman var einn af forsprökkum tékknesku nýbylgjunnar en settist að í Bandaríkjunum til að gera kvikmyndir. Hann er einna þekktastur fyrir Amadeus, Hair og Gaukshreiðrið.

Gaukshreiðrið gerist á stofnun fyrir geðsjúka og segir frá smákrimma aðnafni McMurphy sem læst verða geðveikur til að losna við vinnu í fangelsinu. Allar daglegar venjur á geðsjúkrahúsinu eru gríðarlega fastar í skorðum þar sem yfirhjúkrunarkonan Ratched er með óskorað vald. McMurphey reynir að breyta ýmsum reglum til að gera sjúklingana virkari og glaðari, en fær Ratched upp á móti sér.

Myndin vakti mikla athygli fyrir að beina sjónum almennings að aðbúnaði geðsjúkra á þessum tíma og hlaut fimm Óskarsverðlaun, en Jack Nicholson og Louise Fletcher hlutu bæði Óskarsverðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki.

PORTRAIT OF THE LADY ON FIRE, 28. NÓVEMBER, KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, drama, 2019*

LENGD: 119 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland*

LEIKSTJÓRI: *Céline Sciamma*

LEIKARAR: *Noémie Merland, Adèle Haenel, Luàna Bajrami*

TUNGUMÁL: *Franska með íslenskum texta*

Hin unga listakona Marianne er ráðin í verkefni að mála portrett af Héloïse, tilvonandi brúði ríkrar fjölskyldu, sem hefur ítrekað neitað að sitja fyrir því hún neitar að giftast manningnum sem til stendur að binda hana við. Marianne dulbýr sig sem vinnukonu til að ávinna sér traust hennar en ekki líður á löngu þar til hún verður ástfangin af fyrirsætunni.

Myndin keppti um Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni Cannes 2019 þar sem hún hreppti Queer Palm verðlaunin en um er að ræða fyrstu kvikmyndina sem leikstýrð er af konu sem hlýtur þau verðlaun. Einnig hlaut Celine Sciamma verðlaun fyrir besta handritið á hátíðinni.

PAN'S LABYRINTH, 5. DESEMBER KL. 14:15



TEGUND OG ÁR: *Drama, fantasía, 2006*

FRAMLEIÐSLULAND: *Mexíkó*

LENGD: *118 mínútur*

LEIKSTJÓRI: *Guillermo del Toro*

LEIKARAR: *Ivana Baquero, Sergi López, Maribel Verdú*

TUNGUMÁL: *Spænska með enskum texta*

Pan's Labyrinth gerist á Spáni sumarið 1944, fimm árum eftir spænska borgarastríðið þegar Franco er tekinn við völdum. Hin unga Ófelía flyst út í sveit með móður sinni og stjúpföður sem er yfirmaður í hernum. Móðir Ófelíu veikist og stjúpfaðirinn er grimmdin uppmáluð. Til að flýja raunveruleikann leitar Ófelía í ævintýrin og uppgötvar goðsagnakennda veröld í yfirgefnu vöfundarhúsi og kynnist dularfullumtöfraverum sem hjálpa henni að komast í gegnum þrautirnar í vöfundarhúsinu.

Myndin hlaut einróma lof gagnrýnenda og þrenn Óskarsverðlaun auk BAFTA-verðlaunanna 2007. Nýjasta mynd leikstjórans, The Shape of Water hlaut Óskarsverðlaunin 2017.

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís



